

Gerður er greinarmunur á einstaklingsbundinni neyslu (e. Actual Individual Consumption, AIC) og einkaneyslu (e. Household Final Consumption Expenditure).

Einstaklingsbundin neysla samanstendur af öllum vörum og þjónustu sem heimilin neyta **án tillits til þess hver greiðir**. Þannig telst til einstaklingsbundinnar neyslu öll neysla sem greidd er af heimilum og neysla sem er greidd af öðrum aðilum svo sem hinu opinbera.

Til einkaneyslu teljast vörur og þjónusta sem heimilin **greiða fyrir sjálf og neyta**.

Einstaklingsbundin neysla er gjarna talin hentugur mælikvarði til að bera saman velferð milli ríkja.